


Framhalds ársfundur Austurbrúar, haldinn á Hótel Héraði þriðjudaginn 30. september kl. 15.00.

Dagskrá:

- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar:
 - A. Kjör stjórnar
 - ~~B. Kjör fagraðs~~
 - C. Kjör endurskoðenda
 - D. Kjör starfsháttanefndar
 - E. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál.

Valdimar Hermannsson, formaður stjórnar Austurbrúar bauð heilbrigðisráðherra, þingmenn kjördæmisins og aðra gesti velkoma til framhaldsársfundarins og kynnti dagskrá hans sem er í samræmi við ákvarðanir ársfundar frá í vor. Farið verður yfir liði 4 - 8 skv. 7. grein skipulagsskrár Austurbrúar. VH reifaði forsögu stofnunar Austurbrúar og hvernig reksturinn hefur gengið fyrstu tvö árin. Þá sagði hann frá vinnu starfsháttarnefndar í sumar og vinnu stjórnar í samvinnu við starfandi framkvæmdastjóra við endurskipulagningu Austurbrúar á þeim mánuðum sem liðnir eru frá ársfundinum í vor. Hann sagði að nú yrði nýtt upphafi; breytingar á stjórn, skipulagsskrá og starfsreglum. Fleiri tækifæri væru framundan en ógnanir.

VH lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og **Björg Björnsdóttir** ritari og var það samþykkt af fundinum. Alls voru um **60** fundargestir, þar af **24** atkvæðisbærir fulltrúar af **32** stofnaðilum eða **75%**. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan. Hann var boðaður í Austurglugganum 19. september auk þess sem sent var út boð í tölvupósti á stofn- og hagsmunaaðila. Þá birtist auglýsing í Dagskránni vikuna 18. - 24. september. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans.



4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)

Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttarnefndar Austurbrúar tók fyrstur til máls undir þessum lið og fór yfir störf nefndarinnar á liðnum vikum. Að baki eru 20 fundir og víðtækt samráð, Skúli þakkaði öllum þeim sem tóku þátt í vinnunni á þessu sólríka sumri. Hann vonaðist

eftir sátt um tillögur nefndarinnar (sjá tillögur starfsháttarnefndar hér að neðan). Skúli Björn greindi frá vinnufyrirkomulagi nefndarinnar og niðurstöðum hennar. Hann telur það skyldu okkar að fylgja áfram eftir þeirri hugmyndafræði sem býr að baki Austurbrú, það verði landshlutanum til góða.



TILLÖGUR STARFSHÁTTANEFNDAR UM ENDURSKIPULAGNINGU Á STJÓRNSKIPULAGI OG STARFSEMI AUSTURBRÚAR ses.

Lagðar fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses.

30. september 2014

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
TILLAGA STARFSHÁTTANEFNDAR	5
Nýtt skipurit	5
1. Austurbrú og Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)	7
2. Stjórn Austurbrúar	8
3. Fagráð Austurbrúar	9
4. Innra skipulag	10
Verkefnaskipting og skipurit	12
5. Aðrar breytingar	13
Tilgangur og markmið	13
Menningarráð	13
FORSENDUR AÐ BAKI TILLÖGUNNI	14
Gagnaöflun og greiningarvinna – hvað er að?	14
Ytri aðstæður	15
Sviðsmyndir	16
Mat ráðgjafa	18
AÐGERÐAÁÆTLUN	19

Inngangur

Starfsháttanefnd fékk það hlutverk á ársfundi Austurbrúar ses. 9. maí 2014 að endurskoða stjórnskipulag stofnunarinnar og starfsemi fyrir framhaldsársfund haustið 2014. Kveðið var á um samráð við starfsmenn og stjórn í samþykkt ársfundarins og hefur nefndin reynt að fylgja því. Nefndin setti sér starfs- og tímaáætlun og hóf gagnaöflun strax í maí. Sendir voru út spurningalistar á stjórn, stofnaðila, sveitarfélög, fagråd og starfsmenn. Einnig var rætt sérstaklega við stjórnendur innan stofnunarinnar, forsvarsmenn sveitarfélaga og fleiri aðila. Starfsmenn völdu sér fjögurra manna teymi til að annast samráð við starfsháttanefnd og hefur nefndin átt góða vinnufundi með því teymi. Þá hefur starfandi framkvæmdastjóri, Jóna Árný Þórðardóttir, sem var áður fulltrúi í starfsháttanefnd, verið nefndinni innan handar um upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og lagt henni lið við tillögugerð.

Starfsháttanefnd gerði ráð fyrir því strax í upphafi að fá utanaðkomandi sérfræðinga til aðstoðar við að greina lausnir á þeim vandamálum sem kæmu fram við greiningarvinnu nefndarinnar. Sú leið var að lokum valin, í samráði við stjórn og starfsmenn, að fá tvo ráðgjafa til að rýna nokkrar sviðsmyndir sem sýndu mismunandi leiðir til að endurskipuleggja stofnunina. Skiluðu þeir sínum minnisblöðum

Með hliðsjón af mati ráðgjafanna vann starfsháttanefnd drög að tillögu sinni um breytingar á stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar að höfðu samráði við starfsmenn og stjórn Austurbrúar, forsvarsmenn sveitarfélaga og stjórn SSA. Þau drög voru send út 29. ágúst til umsagnar og athugasemda á stofnaðila, fulltrúa hagsmunaaðila í fulltrúaráði, fagråd, stjórn og starfsmenn Austurbrúar, stjórn SSA og stjórnarformenn menningarráðs og atvinnuþróunarsjóðs. Frestur til að skila umsögnum eða athugasemdum var gefinn til 5. september. Starfsháttanefnd fór yfir þau atriði sem komu fram í athugasemdum á fundum með starfsháttateymi og stjórn.

Lokatillaga starfsháttanefndar um breytingar og endurskipulagningu liggur hér fyrir og er send út með fundarboði 16. september. Starfsháttanefnd ber ábyrgð á tillögunni og leggur hana fyrir framhaldsársfund Austurbrúar sem haldinn verður 30. september þar sem 2/3 stofnaðila verða að samþykkja breytingar á skipulagsskránni til að þær öðlist gildi.



Skúli Björn Gunnarsson
f.h. starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Starfsháttanefnd er þannig skipuð:

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, formaður.

Guðrún Áslaug Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú ses.*

Björn Hafþór Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).


* Guðrún Áslaug var valin á ársfundi 2014 til að taka sæti Jónu Árnýjar.

Tillaga starfsháttanefndar

Starfsháttanefnd Austurbrúar ses. leggur til að skerpt verði skil á milli SSA og Austurbrúar sem tveggja sjálfstæðra aðila en Austurbrú sinni þó áfram daglegri umsýslu fyrir landshlutasamtökin með sérstökum starfsmanni samkvæmt þjónustusamningi. Starfsháttanefnd leggur til að í stjórnskipulagi Austurbrúar verði gerðar breytingar á stjórn og fagráði sem miði að einföldun og betri tengingu milli stjórnar og fagráðs ásamt því að draga úr þeirri málaflökkaskiptingu sem varð til í upphafi á grundvelli skipulags fyrri stofnana. Starfsháttanefnd leggur jafnframt til að innra skipulag Austurbrúar verði byggt á verkefnum fremur en sviðum eftir málaflökkum og að nýtt skipurit stofnunarinnar endurspegli það ásamt því að undirbyggja þann sveigjanleika og þá þverfaglegu samvinnu sem lagt var upp með að yrði einn af kostum sameinaðrar stoðstofnunar.

Nýtt skipurit

Skipurit Austurbrúar ses.



Ársfundur - fulltrúaráð: Ársfundur er opin en með atkvæðisrétt þar fer fulltrúaráð sem er skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila (32) og 5 fulltrúum hagsmunaaðila.

Starfsháttanefnd: 3 manna og kosin á ársfundi.

Siðanefnd: 3 manna og kosin á ársfundi.

Stjórn: 5 aðalmenn og 2 varamenn. Fram til 2016 þó 7 aðalmenn og 2 varamenn. Kosin til eins árs í senn á ársfundi.

Fagráð: 3-7 manna, skipað af stjórn til eins árs í senn og henni til ráðuneytis.

Framkvæmdastjóri: Ráðinn af stjórn og stýrir stofnuninni í umboði hennar.

Stjórn SSA: Sjálfstæð landshlutasamtök með stjórn og formann, að hámarki einn sami stjórnarmaður í stjórn Austurbrúar og SSA og ekki sami formaður.

Yfirverkefnastjórar: Starfsmenn í 50-100% starfshlutfalli við að hafa yfirsýn yfir verkefni sem stofnunin vinnur. Sérfræðingar í því hvernig vinnulag á að nota, hvaða aðföng eru til reiðu og hvaða árangri á að ná. eru í stjórnendateymi en ekki með mannaforráð og fjárhagsábyrgð.

Verkefnisstjóri SSA: Sérstakur starfsmaður ráðinn skv. þjónustusamningi milli Austurbrúar og SSA. Hann ber ábyrgð á rekstri SSA og þeim verkefnum sem teljast til umsýslu sambandsins. Er í stjórnendateymi Austurbrúar en ekki með mannaforráð.

Starfsfólk: Starfsfólk er ráðið til Austurbrúar en ekki inn á tiltekin svið sem eykur sveigjanleika og flæði í starfsemi. Flestir eru verkefnastjórar og bera ábyrgð á einu eða fleiri verkefnum hjá stofnuninni.

Skipting starfsemi: Gráu kassarnir í skipuritinu sýna skiptingu verkefna hjá stofnuninni í þrennt: í **kjarnaverkefni** sem eru bundin langtímasamningum; í **sértæk verkefni** sem eru skemmri tíma átaksverkefni eða samstarfsverkefni; og **rekstur SSA** sem er dagleg umsýsla og smærri verkefni og samskipti fyrir landshlutasamtökin.

Stoðþjónusta: Hluti starfseminnar er sameiginleg umsýsla sem gengur þvert á allt annað.

Úthlutunarstjórnir: Austurbrú ber ábyrgð á sjóðum sem úthlutað er úr til einstakra verkefna. Sérstakar úthlutunarstjórnir skipaðar fagfólki og fulltrúum tiltekinna aðila sjá um að meta umsóknir og útdeila fé.

Faghópar verkefna: Til að tryggja góða tengingu við fag- og hagsmunaaðila og fá aukna þekkingu og reynslu að verkefnum verður verkefnisstjórum heimilt í samráði við framkvæmdastjóra að koma á fót ólaunuðum faghópum kringum þau verkefni sem þurfa á slíku að halda.

1. Austurbrú og Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Starfsháttanefnd leggur eftirfarandi til svo að breytingar á stjórnskipulagi Austurbrúar undirbyggi að SSA og Austurbrú séu tveir sjálfstæðir aðilar:

- Að ekki verði sami einstaklingur formaður stjórnar SSA og stjórnar Austurbrúar.
- Að ekki sitji sömu einstaklingar í stjórn SSA og stjórn Austurbrúar nema að hámarki einn.
- Að tekið verði út úr skipulagsskrá Austurbrúar að framkvæmdastjóri Austurbrúar sé líka sérstakur starfsmaður stjórnar SSA.
- Að Austurbrú og SSA geri með sér skýran þjónustusamning sem tryggi stjórn SSA aðkomu að ráðningu og fullt boðvald yfir sérstökum starfsmanni Austurbrúar sem sér um daglega rekstur SSA. Skýrt sé í þeim samningi, ráðningarsamningi og starfslýsingu hver séu verkefni þessa starfsmanns og hvar ábyrgð og boðvald liggi til að tryggja að ekki myndist ágreiningur um hlutverk og skyldur milli starfsmannsins og framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- Að SSA skerpi á hlutverki og verkefnum síns formanns.

Markmið með þessum breytingum:

- Að skerpa skilin á milli SSA og Austurbrúar, á milli pólitískra landshlutasamtaka annars vegar, sem eru samningsaðili gagnvart ríkinu í mörgum verkefnum, og fag- og þjónustustofnunar hins vegar, sem sér um framkvæmd verkefnanna.
- Að stjórnir þessara tveggja aðila blandist sem minnst, m.a. vegna þess að SSA þarf að geta veitt Austurbrú aðhald sem eiginlegur verkkaupi þjónustu vegna stærri og smærri verkefna.
- Að formaður SSA sé andlit fjórðungsins sem fulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- Að framkvæmdastjóri Austurbrúar beri ábyrgð á rekstri Austurbrúar en ekki á rekstri SSA og sé andlit stofnunarinnar.
- Að fastur starfsmaður hjá Austurbrú sé ráðinn til að uppfylla þjónustusamning við SSA og sé þannig starfsmaður stjórnar SSA með skýra ábyrgð á rekstri landshlutasamtakanna þó að hann vinni innan Austurbrúar og framkvæmdastjóri sé hans yfirmaður. Með því verði tryggt virk tenging og samtal á milli SSA og stoðstofnunarinnar.

•

Helstu rök fyrir breytingum:

- Fyrirkomulagið sem lagt var upp með 2012 hefur ekki reynst vel og skilin á milli SSA og Austurbrúar orðið ógreinileg, m.a. vegna þess að sömu einstaklingar hafa setið í stjórnnum beggja og stjórnarformaðurinn verið sá sami ásamt því að frkvstj. Austurbrúar hefur verið með ábyrgð sem sérstakur starfsmaður SSA. skv. skipulagsskrá.
- SSA er í mörgum tilfellum að fela Austurbrú að þjónusta ákveðin verkefni sem landshlutasamtökin semja um við ríkið eða aðra aðila. Því verður SSA að geta veitt Austurbrú aðhald og það er erfitt ef sömu einstaklingar sitja í báðum stjórnnum.
- Faglegt sjálfstæði Austurbrúar er metið meira ef að stjórnarmenn stofnunarinnar sitja ekki líka í stjórn pólitískra landshlutasamtaka.

Breytingar sem gera þarf á skipulagsskrá:

- Í 4. gr. verði bætt við setninguna: „sem og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.“
- Í 15. gr. verði felld út málsgreinin: „Fyrir utan störf þau sem talin eru hér að ofan er framkvæmdastjóri sérstakur starfsmaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og annast sjálfur, eða deilir til undirmanna, daglegri umsýslu SSA.“

Annað sem þarf að gera:

- Setja inn í verklagsreglur starfsháttanefndar Austurbrúar ses. varðandi tilnefningar til stjórnar, að ekki megi gera tillögu um fleiri enn einn sitjandi stjórnarmann í SSA til stjórnarkjörs hjá Austurbrú ses.
- Setja inn í verklagsreglur stjórnar Austurbrúar ses. að ekki megi sami einstaklingur vera stjórnarformaður stofnunarinnar og SSA og að hámarki einn einstaklingur megi sitja samtímis í stjórnnum þessara tveggja stofnana.
- Beina því til stjórnar SSA að sambandið setji sér verklagsreglur sem skýri m.a. verkaskiptingu milli formanns og þess starfsmanns sem annast daglegan rekstur landshlutasamtakanna.
- Ganga frá hið fyrsta skýrum þjónustusamningi á milli Austurbrúar og SSA og semja ítarlega starfslýsingu og verklagsreglur um samskipti formanns SSA, verkefnastjóra sveitarstjórnarmála og framkvæmdastjóra Austurbrúar.

2. Stjórn Austurbrúar

Starfsháttanefnd leggur eftirfarandi til varðandi stjórn til að minnka flækjustig við stjórnun Austurbrúar og draga úr sætaskipan út frá málaflokkum og hagsmunum:

- Að stjórn verði 7 manna og með 2 varamenn til næstu 2ja ára en frá og með ársfundi 2016 verði hún 5 manna og með 2 varamenn. Hlutfall milli fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og fagsviða verði óbreytt 3/4 og 2/3.
- Að framkvæmdaráð verði lagt af en stjórn heimilt að skipta sér í vinnuhópa.
- Að tilnefningarvald sé hjá SSA fyrir fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála en aðra stjórnarmenn, sem koma af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar, tilnefni stofn- og hagsmunaaðilar í stað fagráðs áður. Starfsháttanefnd kallar eftir tilnefningum en hefur heimild til að leita út fyrir hóp þeirra sem tilnefndir eru þegar hún stillir upp lista til stjórnarkjörs.
- Að endurnýjarákvæði varðandi stjórnarmenn í skipulagsskrá verði felld út og stjórn verði kosin til eins árs í senn.

Markmið með þessum breytingum:

- Að minnka flækjustig í stjórn með því að afnema framkvæmdaráð og virkja alla stjórnarmenn til að efla stjórn sem eina heild.
- Að stefna á fækkun í stjórn, m.a. til að undirstrika að stjórnarsæti eru ekki eyrnamerkt þeim stofnunum og málaflokkum sem runnu saman í Austurbrú. Æskilegt að taka það í tveimur skrefum, m.a. vegna þess að sýnileg tenging við stofn- og hagsmunaaðila gegnum fagråd er að mestu leyti felld burt.
- Að stjórn verði samhent og skilvirk og hafi góða rekstraryfirsýn og leitast verði við að stjórnarmenn hafi góða innsýn í málefni fjórðungsins og tengingu við samfélag og atvinnulíf.
- Að innbyggja í stjórnarkjör þann sveigjanleika sem annað í breytingum á stjórnskipulagi felur í sér, þannig að ekki sé bundið að stjórnarmenn séu kosnir til tveggja ára, heldur gefa kost á meiri breytingum á hverju ári. Samhent og góð stjórn er væntanlega kosin áfram af fulltrúaráði á ársfund.

Helstu rök fyrir breytingum:

- Í upphafi var nauðsynlegt vegna samruna fjögurra stofnana og félaga að tryggja þeim öllum aðkomu að stjórn stofnunarinnar. Um leið og reynt verður að draga úr málaflokkaskiptingu í skipuriti Austurbrúar er æskilegt að sú breyting nái alveg upp í stjórn og því skuli stefna að fækkun innan tveggja ára.
- Flest verkefni Austurbrúar eru skilgreind í samningum og því eiga störf stjórnar ekki að snúast um hagsmunagæslu ákveðinna málaflokka eða svæða, heldur að rekstur stofnunarinnar sé í jafnvægi og þjónusta og starfsemi hennar mæti kröfum íbúa og samfélags og sé í samræmi við stefnu og skuldbindingar.
- Að hafa framkvæmdaráð hefur komið að góðum notum við tíð framkvæmdastjórnarskipti fyrstu tvö árin en talið er farsælla að afnema það til að allir stjórnarmenn komi að öllum ákvörðunum.

Breytingar sem gera þarf á skipulagsskrá:

- Bráðabirgðaákvæði verði sett aftast í skipulagsskrá sem kveði á um að til ársfundar 2016 verði sjö aðalmenn í stjórn og tveir varamenn.
- Fyrsta málsgrein 8. gr. breytist svo: „[Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Skulu tveir þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en þrír af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar. Stjórn skiptir með sér verkum.](#)“
- Úr 8. gr. verði felld út málsgreinin um framkvæmdaráð.
- Fyrstu tvær málsgreinar 10. gr. breytist svo „[Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. Skal hún leita eftir tilnefningum til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi tilnefningu tveggja fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og eins til vara, og til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa og eins til vara. Stjórn er kosin til eins árs í senn.](#)
- [Starfsháttanefnd er heimilt að leita út fyrir hóp þeirra sem tilnefndir eru við uppstillingu til stjórnarkjörs. Nefndin skal kynna tillögu sína fyrir fulltrúaráði eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársfund samhliða fundarboðun.](#)“
- Úr 10. gr. verði felld út setningin: „[Stjórn skal kosin þannig að þrír stjórnarmenn eru kjörnir ár sem enda á sléttri tölu og fjórir stjórnarmenn ár sem enda á oddatölu og skal starfsháttanefnd haga tillögum sínum í samræmi við það.](#)“

3. Fagráð Austurbrúar

Starfsháttanefnd leggur eftirfarandi til varðandi fagráð til að auka vægi þess sem faglegs baklands fyrir stjórn, einfalda stjórnskipulag og treysta tengingu fagráðs og stjórnar.

- Að fagráði verði breytt á þann veg að stjórn velji sér þriggja til sjö manna fagráð til ákveðins tíma en það sé ekki kosið á ársfundi.
- Að sú tenging við grasrót og fagstofnanir sem fagráðið átti að vera upphaflega færast yfir á nýtt fagráð en einnig verði settir upp verkferlar um stofnun faghópa kringum stærri verkefni sem geti þá unnið með verkefnisstjórum.
- Að fagráð verði stjórn til ráðgjafar og fundi með henni minnst tvisvar á ári.

Markmið með breytingum:

- Að einfalda stjórnskipulag Austurbrúar með því að afnema hið stóra sjálfstæða fagráð sem ekki hefur tekist að marka hlutverk á tveimur árum.

- Að draga úr kostnaði við stóra stjórneiningu innan stofnunarinnar.
- Að gefa stjórn færi á að velja sér faglegt bakland við hæfi hverju sinni.
- Að skapa trausta tengingu milli stjórnar og fagráðs.
- Að koma á betri tengingu fag- og hagsmunaaðila inn í verkefni og þar með stofnunina með því að gera ráð fyrir faghópum í verkefnum þegar þörf krefur.

Helstu rök fyrir breytingum:

- Fagráðið var upphaflega sett upp m.v. þá fimm málaflokka sem stofnunin var að taka yfir og átti að tryggja tengingu upp til fagstofnana og niður til grasrótar á þeim fagsviðum sem stofnanirnar fjórar unnu á. Þær tengingar hafa nýst að takmörkuðu leyti og fagráð verið hálfgerð eyland innan Austurbrúar.
- Breytingar á stofnuninni sem miða að því að draga úr málaflokkaskiptingu þurfa að endurspeglast í stjórnskipulaginu.
- Farsælla er að tengja stærri verkefni beint við fagstofnanir og grasrót gegnum faghópa verkefna þegar þörf krefur heldur en gegnum eitt stórt fagráð.
- Kostnaður við 15 manna fagráð er mikill og fækkun þarf ekki að þýða minna vægi eða gæði.
- Tryggja þarf beina tengingu milli fagráðs og stjórnar þar sem þessar tvær einingar í stjórnskipulaginu hafa litið á sig sem ótengdar og sjálfstæðar.
- Með því að gefa stjórn færi á að skipa fagráðið getur hún valið í það einstaklinga sem hún telur að styrki faglegt og fjárhagslegt bakland stofnunarinnar og myndi góðan samráðsvettvang fyrir stjórnina.

Breytingar sem gera þarf á skipulagsskrá:

- Núverandi 11. gr. í skipulagsskrá felld út og í staðinn kemur: „[Stjórn Austurbrúar ses. skipar í þriggja til sjö manna fagráð til eins árs í senn. Hlutverk fagráðs er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspegla verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Skal skipan í fagráð vera lokið eigi síðar en fjórum vikum eftir ársfund. Stjórn er heimilt að fjölga í fagráði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar ef þörf krefur. Stjórn Austurbrúar ses. skal kalla fagráð til fundar að lágmarki tvisvar á ári. Halda skal fundargerðir um fundi stjórnar og fagráðs.](#)“

Annað sem þarf að gera:

- Setja inn í verklagsreglur stjórnar sérstakan kafla um fagráð, skipan þess og samskipti stjórnar og fagráðs.
- Laga verklagsreglur og fundarsköp stjórnar að nýrri skipan og skerpa á verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. Innra skipulag

Starfsháttanefnd leggur til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á innra skipulagi Austurbrúar til að undirbyggja þann sveigjanleika og þá þverfaglegu samvinnu sem lagt var upp með að yrði einn af kostum sameinaðrar stoðstofnunar. Breytingarnar miða einnig að því að leysa vandamál sem komið hafa upp í starfseminni og skýra og auka ábyrgð starfsmanna:

- Að áhersla verði aukin á verkefni en hætt með skiptingu í svið. Verkefni verði skilgreind í tvo flokka sem kjarnaverkefni (langtíma) og sértæk verkefni (skammtíma) og yfirverkefnastjóri hafi yfirsýn yfir verkefni í hvorum flokki. Verkefnastjórar beri ábyrgð á einu eða fleiri verkefnum.

- Bókhald og verkbókhald Austurbrúar verði lagað að nýju skipulag en þess jafnframt gætt að fjárstreymi allra verkefna sé ítarlega skráð til að auðvelt sé að draga út upplýsingar um framkvæmd og fjármagn, t.a.m. vegna opinberra skýrsluskila.
- Að sveigjanleiki í starfsemi verði aukinn með því að starfsmenn verði ekki ráðnir á einstök svið heldur til stofnunarinnar og mannaforráð séu fyrst og fremst á hendi framkvæmdastjóra.
- Að ábyrgð starfsmanna í stjórnun verkefna verði aukin og lögð áhersla á frumkvæði og hvetjandi andrúmsloft.
- Að stoðþjónusta innan stofnunarinnar verði endurskoðuð en markmiðið er að hún annist skilgreinda verk- og þjónustuþætti sem ganga þvert á starfsemina.
- Að myndað verði 3-4 manna stjórnendateymi sem hefur góða yfirsýn yfir alla starfsemi og tækifæri til samlegðar og sóknar, þrátt fyrir að eiginlegir millistjórnendur séu engir þar sem stofnunin er ekki deildaskipt.
- Að búnir verði til faghópa kringum stærri verkefni með aðkomu starfsmanna og utanaðkomandi aðila.
- Að myndaðar verði faglegar úthlutunarstjórnir fyrir þá sjóði með opinberu fé sem Austurbrú annast, s.s. atvinnuþróunarsjóð, vaxtarsamning og menningarráð.

Markmið með breytingum:

- Að draga úr gömlu málaflokkaskiptingunni sem fylgdi inni í Austurbrú með fyrri stofnunum og auka þverfaglega vinnu starfsmanna.
- Að einfalda skipurit og fækka stjórnendalögum.
- Að auka ábyrgð starfsmanna með verkefnum sem þeim er falið að leiða en draga úr mannaforráðum með fækkun millistjórnenda.
- Að stuðla að meiri sveigjanleika í starfsemi með því að binda ekki fé og starfsmenn við svið heldur verkefni.
- Að auka tengingu verkefna og þar með starfsmanna og stofnunarinnar í heild við grasrót og fagstofnanir með faghópum í stærri verkefnum þegar við á.

Helstu rök fyrir breytingum:

- Gömlu stofnanirnar eru enn að þvælast fyrir starfsmönnum og stjórn en markmiðið í upphafi var að losna við þá ramma við uppbyggingu nýrrar stofnunar til að efla þverfaglega nálgun á þau verkefni sem Austurbrúar hefur með höndum.
- Núverandi skipting í svið hamlar samstarfi milli starfsmanna og málaflokka og eykur líkur á að starfskraftar nýtist ekki eins og æskilegt væri í síbreytilegri verkefnastöðu.
- Óánægja er með hvernig fjármagn og skipting þess milli sviða ræður innra skipulagi og hefur áhrif á þverfaglega vinnu starfsmanna. Gott bókhald og verkbókhald með vel skilgreindum verkefnum í stað sviða veitir jafngóðar ef ekki betri upplýsingar um hvernig fjármunum samningsbundinna verkefna er varið heldur en núverandi skipulag.
- Austurbrú er fag- og þjónustustofnun sem vinnur að ákveðnum verkefnum sem ýmist eru bundin með samningum til langs eða skamms tíma. Skipting fjármagns þar á milli er u.þ.b. jöfn. Sumir samningar krefjast fastrar þjónustu ár frá ári á meðan önnur verkefni eru átaks- eða samstarfsverkefni til skemmri tíma þó að þau geti síðan þróast yfir í langtímaverkefni. Innra skipulag verður að styðja við eðli stofnunarinnar og tryggja nauðsynlegan sveigjanleika.

Breytingar sem gera þarf á skipulagsskrá:

- Einu breytingarnar sem gerðar eru á skipulagsskrá sem snerta þetta er að núverandi samsetning á fagráði og tenging þess við málaflokka og starfsmenn er tekin burt. Fagráð er bara bakland fyrir stjórn en starfsmenn munu geta stofnað faghópa.

Annað sem þarf að gera:

- Ráðast þarf í ítarlega greiningu á verkefnum, verk- og þjónustubáttum, m.a. út frá þeim samningum sem um þau gilda.
- Laga þarf verkbókhald að nýju skipulagi og innleiða það.
- Tengja þarf verkbókhald og fjárhagsbókhald og laga að nýju skipulagi og innleiða það.
- Endurskoða þarf ráðningarsamninga, skilgreiningu starfa og starfslýsingar.
- Búa þarf til verkferil um stofnun faghópa og verklagsreglur fyrir faghópa.
- Búa þarf til verkferla kringum kjarnaverkefni og sértæk verkefni, um stofnun, framkvæmd og lok þeirra.
- Skipuleggja þarf skilvirkt upplýsingaflæði og innleiða það. Á það jafnt við um starfsmenn, stjórn og framkvæmdastjóra.
- Endurskoða þarf stoðþjónustu og skilgreina vel hvaða verkefni, verk- og þjónustubættir falla undir hana.

Verkefnaskipting og skipurit

Við uppsetningu nýs skipurits er gengið út frá eftirfarandi skipulagi sem grundvallast á þeim verkefnum sem Austurbrú tekur að sér. Framkvæmdastjóri er yfirmaður stofnunarinnar en með honum í stjórnendateymi eru tveir yfirverkefnastjórar og verkefnastjóri reksturs SSA. Verkefni stofnunarinnar eru flokkuð í tvo meginflokka sem lúta mismunandi verkferlum og þriðji flokkurinn er síðan rekstur SSA:

1. **Kjarnaverkefni** snúast um að framkvæma ákveðna þjónustu, veita ráðgjöf og fræðslu samkvæmt langtímasamningum. Þar með talin er umsýsla með sjóðum og vinna vegna úthlutunarstjórna. Einn starfsmaður er með 50-100% starfshlutfall sem yfirverkefnastjóri (e.k. process owner) þessarar þjónustu. Hann hefur yfirsýn yfir þau verkefni sem falla þarna undir, er sérfræðingur í því hvernig vinnulag á að nota, hvaða aðföng eru til reiðu og hvaða árangri á að ná. Þessi starfsmaður er hluti af stjórnendateymi en ekki með mannaforráð.
2. **Sértæk verkefni** eru tímabundin og hafa afmarkað upphaf og endi og sérstakt tímabundið fjármagn, t.d. átaksverkefni og erlend samstarfsverkefni. Einn starfsmaður er með 50-100% starfshlutfall sem yfirverkefnastjóri (e.k. process owner). Hann hefur yfirsýn yfir þau verkefni sem falla þarna undir, er sérfræðingur í því hvernig vinnulag á að nota, hvaða aðföng eru til reiðu og hvaða árangri á að ná. Þessi starfsmaður er hluti af stjórnendateymi en ekki með mannaforráð.
3. **Rekstur SSA** er í höndum sérstaks verkefnastjóri sem vinnur í umboði stjórnar SSA skv. þjónustusamningi en er starfsmaður Austurbrúar. Þessi starfsmaður þarf að hafa góða þekkingu á sveitarstjórnarmálum og á honum hvíla sömu skyldur og á framkvæmdastjórum landshlutasamtaka, m.a. að bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri SSA. Þessi starfsmaður er hluti af stjórnendateymi en ekki með mannaforráð.

Starfsmenn Austurbrúar aðrir en verkefnastjóri sveitarstjórnarmála vinna þvert á þessa þjónustuflokka sem verkefnastjórar eða starfsmenn verkefna. Sumir sinna einu verkefni, aðrir fleirum. Stoðþjónusta annast bókhald, skjalastjórnun, kynningarmál og aðra sameiginlega umsýslu og gengur þvert á alla þjónustu.

5. Aðrar breytingar

Tilgangur og markmið

Starfsháttanefnd leggur til að gerðar verði lítilsháttar breytingar á tilgangi og markmiðum Austurbrúar ses. í skipulagsskrá. Er það gert til að skýra hlutverk stofnunarinnar.

Í 2. gr. skipulagsskrárinnar segir svo um tilgang:

„Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. ~~Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar og menningarstarfs á Austurlandi.~~“

Lagt er til að seinni setningin í greininni verði felld burt þar sem Austurbrú er fyrst og fremst þjónustustofnun sem sér um að framkvæma verkefni og vinna að nýsköpun og þróun á sínum sviðum en er ekki forsvaraðili nema henni sé falið slíkt hlutverk sérstaklega, t.d. með samningum.

3. gr. skipulagsskrárinnar hefur yfirskriftina markmið en í henni koma ekki fram nein markmið, aðeins aðgerðir. Ráðgjafar þeir sem starfsháttanefnd leitaði til bentu á að úr þessu þyrfti að bæta og setja stofnuninni eiginleg markmið. Því leggur nefndin til að inn í 3. gr. verði bætt setningu um markmið og hún verði þá svohljóðandi:

„Markmið Austurbrúar ses. er að efla atvinnulíf á Austurlandi, hækka menntunarstig, stuðla að velferð íbúa og styrkja landshlutann sem búsetukost og áfangastað ferðamanna.

Markmiði sínu hyggst Austurbrú ses. ná með því að skapa þverfaglegan samstarfsvettvang og vinna að:

- Nýsköpun, þróun og eflingu atvinnulífs og samfélags.
- Öflugri símenntun, starfsþróun og starfsfræðslu.
- Skilvirkri upplýsingastarfsemi og heildstæðri markaðssetningu.
- Fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms og rannsókna.
- Fjölbættri starfsemi á sviði menningar, lista og skapandi greina.“

Menningarráð

Menningarráð Austurlands hefur starfað síðustu tvö ár sem sjálfstæð eining á grundvelli samnings ríkisins við sveitarfélög þrátt fyrir að við stofnun Austurbrúar hafi verið gert ráð fyrir að það yrði lagt niður í þeirri mynd sem það hefur verið starfrækt í frá árinu 2002. Ekki liggur fyrir hvernig nýjum samningum um menningarmál verður háttað milli ríkis og sveitarfélaga en í því skipuriti sem starfsháttanefnd gerir hér tillögu um er gert ráð fyrir að úthlutunarstjórn taki við því hlutverki menningarráðs að úthluta fé til menningarverkefna. Setja þarf reglur eða binda í samninga hvernig valið er í slíka úthlutunarstjórn. Samhliða má sjá fyrir sér að stofnaður verði faghópur um eflingu menningarstarfs á Austurlandi sem verði bakland fyrir verkefnisstjóra menningarmála.

Forsendur að baki tillögunni

Gagnaöflun og greiningarvinna – hvað er að?

Starfsháttanefnd leitaði víða fanga í endurskoðunarvinnu sinni. Farið var gegnum ýmis gögn, upphaflegar áætlanir og tillögur um skipulag Austurbrúar skoðaðar og rýnt í skipulag annarra stofnana og fyrirtækja. Hluti af gagnaöflun starfsháttanefndar var að fá svör við ákveðnum spurningum frá stjórn, stofnaðilum, sveitarfélögum, fagráði og starfsmönnum. Ágæt svörun var við útsendum spurningalistum. Stjórn - sex svöruðu. Fagráð - átta svöruðu. Stofnaðilar - fimm svöruðu (til viðbótar svöruðu sumir sem fagráðsfulltrúar). Starfsmenn - fjórtán svöruðu. Sveitarfélög - tvö sendu svör en rætt var við öll. SSA - stjórnarmenn svöruðu sem einnig sitja í stjórn Austurbrúar.

Í svörum kom skýrt fram að nær allir hafa ennþá trú á hugmyndafræðinni á bak við stofnun Austurbrúar. Einnig er sátt um dreifsetningu þjónustunnar og hún er talin hafa sýnt sig vera af hinu góða. Þá telja allir að sameiningin hafi sannað ágæti sitt í sterkum þverfaglegum verkefnum. Á hinn bóginn eru önnur atriði sem talið er að þurfi að bæta og breyta. Þau eru þessi helst:

„**Gömlu kassarnir**“. Langflestir telja að málaflökkaskipting fyrri stofnana sé enn ríkjandi í stjórnun og starfsemi með tilheyrandi núningi og hagsmunagæslu. Stjórnskipulag, innra skipulag og bókhald ýti undir þá skiptingu. Starfsmenn líti ekki á sig sem heild.

Óskýrt hlutverk og ábyrgð. Flestir telja að skýra þurfi hlutverk fagráðs og að stjórn hafi jafnvel stigið út fyrir sitt svið með afskiptum af daglegri starfsemi. Ábyrgð stjórneininga innan stofnunar sé óljós sem og ábyrgð starfsmanna á tilteknum málaflökkum eða verkefnum.

Skortur á trausti. Í svörum kom fram að lítið traust hefur verið milli framkvæmdastjóra og starfsmanna en einnig milli starfsmanna og stjórnar og milli sviða innan stofnunarinnar.

Lítið upplýsingaflæði. Flestir töldu upplýsingaflæði lítið innan stofnunar og út til hagsmunaaðila og stofnaðila.

Tenging SSA og Austurbrúar. Margir töldu landshlutasamtökin hafa veikst og að rekstur og starfsemi SSA hefðu blandast starfsemi og rekstri Austurbrúar of mikið þannig að út í frá væri lítið á þessa tvo aðila sem einn.

Flókið skipulag. Margir sögðu skipulag stofnunarinnar flókið og valddreifing væri óskýr í því skipuriti sem nú væri unnið eftir.

Fjármál og bókhald. Hjá mörgum kom fram að núverandi uppsetning bókhalds með tilheyrandi deilda- eða sviðaskiptingu og skiptingu starfsmanna milli málaflökka og deilingu sameiginlegs kostnaðar skapaði vandamál og togstreitu um fjármagnið á milli sviða. Núverandi fyrirkomulag væri letjandi fyrir þverfagleg verkefni og héldi við skiptingu gömlu stofnananna.

Lítill aðkoma starfsmanna. Í máli starfsmanna kom fram að þeir töldu of litla aðkomu starfsmanna í aðdraganda sameiningar eina ástæðu fyrir hvernig til hefði tekist.

Mismunandi sýn. Allmargir töldu hafa skort á sameiginlega sýn framkvæmdastjóra, stjórnar og starfsmanna á því hvernig stofnun væri verið að byggja upp.

Leiðtogaskortur. Flestir voru á því að fyrri framkvæmdastjórar hefðu ekki náð að axla sitt hlutverk og því þyrfti að horfa til annarra mannkosta og reynslu við ráðningu framkvæmdastjóra fyrir stofnuninar en gert hefur verið.

Starfsháttanefnd hefur í greiningarvinnu sinni stuðst mikið við það álit sem kom fram í svörum við spurningalistum og viðtölum á einstökum þáttum og eiga tillögur um breytingar m.a. að endurspeglja þau viðhorf um hverju þurfi að breyta.

Ytri aðstæður

Austurbrú ses. var að vissu marki sniðin að þeirri stefnu sem stjórnvöld settu í Sóknaráætlun 2020 árið 2012 þar sem m.a. var lýst yfir vilja til að dreifa opinberum fjármunum og verkefnum betur út í landshlutanna í gegnum landshlutasamtök. Við ríkisstjórnarskipti 2013 skapaðist millibilsástand þar sem ekki var ljóst hvort haldið yrði áfram á sömu leið en á vordögum 2014 lá fyrir að áfram yrði unnið samkvæmt sóknaráætluninni.

Áfram verður reynt að einfalda samskipti ríkis og landshlutanna með fækkun samninga og auknu sjálfræði landshlutanna til að fara með þá. Fjármunir sóknaráætlunar, vaxtarsamninga og menningarsamninga munu að líkindum verða í einum samningi sem gerður verður til þriggja ára og rímar það vel við hugmyndafræðina að baki Austurbrú þar sem starfsemi er lýtur að þessum samningum er öll komin á eina hendi. Í símenntunar- og fræðslumálum er einnig vilji fyrir samningum til lengri tíma og vaxandi þrýstingur á fjármagn til að hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Sóknaráætlun fyrir Austurland er til sem stefna fyrir landshlutann. Yfirfara þarf hana árlega og ná sátt um stefnumið í hinum ýmsu málaflokkum. Það er á hendi SSA og sveitarfélaganna að marka stefnu landshlutans en Austurbrú getur unnið að gerð hennar og fylgt henni eftir. Skýr framtíðarsýn fyrir landshlutann auðveldar alla vinnu hjá Austurbrú.

Ekki er útlit fyrir að sveitarfélög á Austurlandi sameinist í eitt á næstu árum og því þarf hvoru tveggja að vera áfram til staðar; sterk landshlutasamtök sveitarfélaga og sterk stoðstofnun sem sinnir verkefnum á landshlutavísu og þjónustar sveitarfélögin og aðra aðila með hagsmuni íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja á Austurlandi að leiðarljósi. Ágreiningur og samkeppni hefur komið fram síðustu misseri milli sveitarfélaga í fjórðungnum sem óæskilegt er að smitist inn í stoðstofnun eins og Austurbrú.

Rannsóknaráætlanir og allskyns verkefnasjóðir innanlands, á Norðurlöndum og á vegum Evrópusambandsins hafa gengið í endurnýjun lífdaga. Þar eru því aukin tækifæri fyrir sterka sjálfstæða stofnun til að sækja fé í verkefni sem geta skilað ávinningi fyrir Austurland sem og þekkingu og reynslu inni í stofnunina.

Atvinnulíf á Austurlandi stendur styrkum fótum: Iðnaður er vaxandi, sjávarútvegur heldur sínu, ferðaþjónusta vex hröðum skrefum, skapandi greinar eflast ár frá ári og landbúnaður og skógrækt eru í sókn. Nýir vaxtarbroddar gætu orðið til á næstu árum í þjónustu vegna olíuleitar í norðurhöfum og umskipunarhafnar þegar ísbreiða norðurheimskautsins lætur

undan. Austurbrú á að vera stöðstofnun fyrir atvinnulífið og vinna að þróun og nýsköpun á þeim vettvangi sem og að skapa þverfaglega sýn á öll viðfangsefnin.

Byggðaðróun á Austurlandi er misjöfn milli byggðalaga og staða sveitarfélaga harla ólík. Sum berjast við stöðuga fólksfækkun og skuldir á meðan önnur sýna góðan hagnað og íbúaþróun. Þó má reikna með fjölgun í landshlutanum á næstu árum. Mikilvægur hluti af starfsemi Austurbrúar er dreifsetning þjónustunnar og að unnið sé í anda „one stop shop“ hugmyndafræðinnar að tryggja aðgengi íbúanna að stofnuninni sem víðast en ekki bara í stærstu sveitarfélögunum.

Sviðsmyndir

Starfsháttanefnd dró greiningu sína saman í eftirfarandi þætti sem lágu til grundvallar þeim sviðsmyndum sem varpað var upp sem kostum í stöðunni. Sviðsmyndirnar eiga m.a. að sýna ólíkar leiðir varðandi þróun Austurbrúar eftir því hvaða breytingar eru gerðar á þeim þáttum sem taldir eru upp hér á eftir. Hver sviðsmynd var síðan gróflega SVÓT-greind með aðstoð starfsmannateymis.



Sviðsmyndirnar hverfast um tvo ása sem sýna að mati starfsháttanefndar megin drifkrafta í skipulagi og starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt eru þetta þeir átakaásar sem voru við stofnun Austurbrúar. Auk fjögurra sviðsmynda var varpað upp sviðsmynd X sem einskona afbrigði af sviðsmynd 3, en meira út frá þeirri þjónustu sem stofnunin á að veita og tvískiptingu verkefna í kjarna- og sérverkefni.

YTRI TENGL OG SAMSKIPTI

- Samsetning stjórnar
- Samsetning fagráðs
- Tenging við grasrót
- Tenging við fagstofnanir
- Tenging við SSA
- Tenging við ríkið

INNRA SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

- deildaskipting
- skilgreining verkefna
- ábyrgð starfsmanna
- skipting fjármagns
- sveigjanleiki
- frumkvæði



Mat ráðgjafa

Starfsháttanefnd valdi tvo ráðgjafa til að rýna sviðsmyndirnar og gefa sitt mat á hvaða leiðir væri farsælast að velja fyrir stofnunina til framtíðar. Ráðgjafarnir voru: **Helgi Þór Ingason** sem kennir verkefnastjórnun og gæðastjórnun við HR og kom m.a. að endurskipulagningu á Orkuveitu Reykjavíkur; **Héðinn Unnsteinsson** sérfræðingur í stjórnsýslu í forsætisráðuneytinu. Þeir Helgi Þór og Héðinn unnu hvor í sínu lagi skiluðu minnisblöðum með sínu álit.

Helgi Þór taldi **sviðsmynd 2** vænlegasta við núverandi aðstæður þar sem hún:

- væri í samræmi við hlutfallslega skiptingu veltu
- væri líkleg til að gefa slagkraft og auka sóknarfæri gagnvart fjárveitendum
- skapaði sveigjanleika í rekstri, styðji við þverfaglega vinnu og sé hægt að laga að mismunandi þörfum
- væri áhugaverð fyrir starfsmenn, fólki treyst og það fær ábyrgð
- styður við að þekkingu sé viðhaldið innan stofnunar

Héðinn taldi **sviðsmynd 3** framsæknasta og mest heillandi og að **sviðsmynd X** sem afbrigði af henni væri jafnvel raunhæfari. Helstu kostir væru:

- sterk tenging við atvinnulífið
- byggt sé á framsækni og frumkvæði starfsfólks
- lagt upp úr sveigjanleika
- flatt og verkefnadrifið skipurit

Ráðgjafarnir voru sammála um að sviðsmyndir 0 og 1 væru ekki vænlegar til árangurs. Helgi Þór nefnir að þó að hann telji sviðsmynd 2 líklegasta til árangurs við núverandi aðstæður gæti verið rétt að meta eftir ákveðinn tíma hvort þróa eigi Austurbrú meira í átt til sviðsmyndar 3/X með tíð og tíma. Héðinn nefnir að e.t.v. sé of bratt á þessum tímamarki að láta sviðsmynd 3 ganga upp. Hann telur einn möguleika vera að velja sviðsmynd og reka stofnunina eftir henni í 2 ár með tilheyrandi vörðum og taka þá sviðsmyndina til endurskoðunar.

Hjá báðum ráðgjöfum kom fram staðfesting á því að miðað við hvernig gengið hefði á fyrstu tveimur árum Austurbrúar ses. væri nauðsynlegt að:

1. Skýra skil milli SSA og Austurbrúar og formgera betur samspil þessara tveggja sjálfstæðu aðila
2. Einfalda stjórnskipulag Austurbrúar í skipulagsskrá
3. Einfalda innra skipulag Austurbrúar í skipuriti

Með hliðsjón af mati ráðgjafanna vann starfsháttanefnd drög að tillögu sinni um breytingar á stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar að höfðu samráði við starfsmenn og stjórn Austurbrúar, forsvarsmenn sveitarfélaga og stjórn SSA. Tillagan er á mörkum sviðsmynda 2 og 3 og sækir töluvert til sviðsmyndar X.

Aðgerðaáætlun

Starfsháttanefnd hefur reynt að kortleggja þær aðgerðir sem fara þarf í samhliða endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar til að innleiða nýtt skipulag. Nefndinni er ljóst að þessar breytingar taka tíma og t.a.m. er ekki hægt að breyta skipulagi bókhalds nema við áramót. Margs konar greiningarvinna þarf að fara fram innan stofnunarinnar á verkefnum, verkþáttum og þjónustupáttum til að ná að koma allri vinnu og starfsemi inn í nýtt skipulag og verkbókhald. Þá þarf að gera skýra verkferla sem starfsmenn geta unnið eftir, ljúka gerð starfslýsinga, endurnýja ráðningar-samninga og skilgreina ábyrgð starfsmanna. Upplýsingaflæði innan stofnunarinnar og ekki síst milli starfsmanna og stjórnar þarf að koma í fastan farveg og innleiða markviss vinnubrögð í því sambandi sem skapa gagnkvæmt traust. Ljúka þarf stefnumótun fyrir stofnunina sem þarf að taka mið af endurskoðuðu skipulagi og innihalda raunhæfar vörður sem hægt er að ná á skömmum tíma. Samhliða stefnumótun verði unnin aðgerðaáætlun sem gengur lengra en sú sem hér er sett fram. Einnig leggur starfsháttanefnd áherslu á að eigi síðar en á næsta ári verði farið að huga því að þróa og innleiða notkun gæðakerfis fyrir starfsemina.

Ljóst er að meðal mikilvægra aðgerða sem þarf að ráðast í á næstu mánuðum eru ýmis konar umbætur á innra starfi, skipulagi verkefna og fjármála hjá Austurbrú. Þær aðgerðir eru hér settar á ábyrgð framkvæmdastjóra Austurbrúar. Starfsháttanefndin telur augljóst að framkvæmdastjóri geti falið starfsmönnum að stýra aðgerðum, allt eftir því sem hentar. Mikilvægt er einnig að þjónustusamningur á milli SSA og Austurbrúar um starf verkefnastjóra sveitarstjórnarmála sé gerður hið fyrsta. Þá þarf SSA að vinna að breytingu innra skipulags hjá sér, þ.e. skýra ábyrgð formanns SSA og að hann sé andlitið út á við en verkefnisstjóri sveitastjórnarmála, sem er þá starfsmaður Austurbrúar þó að hann vinni þétt með stjórn SSA, sé fyrst og fremst í stjórnýslunni sem en hafi þó skýra heimild til að sýna frumkvæði.

Hér fer á eftir listi yfir mikilvægustu aðgerðir sem starfsháttanefndin telur óhjákvæmilegt að ráðast í á næstu mánuðum til að endurskipulagning á starfsemi stofnunarinnar gangi greiðlega fyrir sig. Listanum er forgangsraðað, aðgerðir tímasettar og skilgreint hvar ábyrgðin á aðgerðinni liggur.

Aðgerð	Hefst	Lokið	Vinnulag	Ábyrgð
1. Greining verkefna og inneiðing verkbókhalds				
1.1 Greining verkefna, verk- og þjónustupátta Greina þarf verkefni og búa til verk-flokkunarkerfi sem staðsetur verk í verkefnaflokk (kjarnaverkefni, tíma-bundin verkefni, SSA verkefni og skilgreina verkefni stoðþjónustu samhliða) og gefur þeim verknúmer sem talar við bókhaldið. Hafa einfalt en tryggja nægilega sundurliðun til að halda því gagnsæi sem þarf.	Sept. 2014	Okt. 2014	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra	Framkv.stj.
1.2 Samræming verk- og kostnaðarbókhalds Að koma því á að verkbókhald, kostnaðarbókhald og verknúmer sé samtengt svo hægt sé að fylgjast með kostnaðarframvindu hvers verkefnis.	Okt. 2014	Des. 2014	Verkefnisstjóri fjármála og bókhalds í samvinnu við teymið í aðgerð 1.1	Framkv.stj.
Aðgerð	Hefst	Lokið	Vinnulag	Ábyrgð

1.3 Innleiðing Innleiða notkun starfsmanna á verkþókhaldi og verkskráningu skv. nýju kerfi	Des. 2014	Jan. 2015	Einn starfsmaður sjái um handleiðslu	Framkv.stj.
2. Starfsmannamál				
2.1 Endurskoðun starfagreiningar	Okt. 2014	Nóv. 2014	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra	Framkv.stj.
2.2 Starfalýsingar Lokið við starfalýsingar og ráðningarsamningar endurnýjaðir			Trúnaðarmaður kemur að ákveðnum þáttum	Framkv.stj.
2.3 Auglýst og ráðið í störf sem vantar starfsfólk í	Okt. 2014	Des. 2014		Framkv.stj.
3. Upplýsingaflæði				
3.1 Skipuleggja upplýsingaflæði innan stofnunar og innleiða það skipulag - upplýsingaflæði milli starfsmanna - upplýsingaflæði milli stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna	Nóv. 2014	Feb. 2015	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra	Framkv.stj.
3.2 Kynningarmál Búa til kynningarstefnu og skipuleggja upplýsingaflæði frá stofnuninni um starfsemi og annað sem koma þarf á framfæri	Nóv. 2014	Feb. 2015	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra	Framkv.stj.
4. Smíði og innleiðing verkferla og verklagsreglna				
4.1 Verkferlar fyrir sértæk verkefni - hvernig ný verkefni eru stofnuð og allar upplýsingar skráðar - hvernig verkefnum er lokið formlega	Nóv. 2014	Des. 2015	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra t.d. yfirverkefnastjóra	Framkv.stj.
4.2 Verkferlar fyrir kjarnaverkefni - hvernig þau eru stofnuð og upplýsingar skráðar - mismunandi eftir samningum	Des. 2014	Feb. 2015	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra t.d. yfirverkefnastjóra	Framkv.stj.
4.3. Verklagsreglur um skipan faghópa verkefna	Nóv. 2014	Feb. 2015	Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins.	Framkv.stj.
4.4. Innleiðing verkferla Innleiða þarf notkun allra verkefnastjóra á samræmdum verkferlum	Jan. 2015	Mars 2015	Yfirverkefnastjórar	Framkv.stj.
Aðgerð	Hefst	Lokið	Vinnulag	Ábyrgð
5. Verklagsreglur stjórnar				
5.1 Endurskoða og bæta verklagsreglur stjórnar - varðandi fagráð - varðandi verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra - varðandi setu stjórnarmanna SSA í stjórn Austurbrúar og að ekki sé sami einstaklingur formaður beggja.	Sept. 2014	Okt. 2014	Teymi stjórnarmanna undir forystu eins	Stjórn
5.2 Verklagsreglur um faglegar úthlutunarstjórnir - um verkswið úthlutunarstjórna og verkaskiptingu milli þeirra og stjórnar/framkvæmdastjóra AB	Sept. 2014	Okt. 2014	Teymi stjórnarmanna undir forystu eins	Formaður stjórnar Austurbrúar
6. Verklagsreglur starfsháttanefndar				

Verklagsreglur um tilnefningar og uppstillingu til stjórnarkjörs og önnur störf starfsháttanefndar	Sept. 2014	Sept. 2014	Starfsháttanefnd	Formaður starfsháttanefndar
7. Tengsl SSA við Austurbrú				
7.1 Þjónustusamningur Austurbrúar og SSA - gerður samningur um þjónustu sem Austurbrú innir af hendi við daglegan rekstur SSA - ítarlega verði skilgreint hlutverk og starfssvið verkefnastjóra sveitarstjórnarmála hjá AB með starfslýsingu og verklagsreglum	Sept. 2014	Okt. 2014	Formaður stjórnar SSA og framkvæmdastjóri Austurbrúar	Framkv.stj.
7.2 Reglur um ábyrgð, hlutverk og samskipti formanns SSA og verkefnastjóra sveitarstjórnarm. - verklagsreglur um aukna ábyrgð formanns SSA og hlutverkaskiptingu hans milli hans og verkefnastjóra sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú.	Sept. 2014	Okt. 2014	Formaður stjórnar SSA og framkvæmdastjóri Austurbrúar	Formaður stjórnar SSA

Af tillögum starfsháttarnefndar leiðir að gera þarf ákveðnar breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar (sjá hér að neðan). Hilmar Gunnlaugsson fór yfir breytingartillögur á skipulagsskrá.

Núgildandi skipulagsskrá

1. gr. Heiti og heimili

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og heitir Austurbrú ses. Heimili þess og varnarþing er á Fljótsdalshéraði.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

3. gr. Markmið

Tilgangi sínum hyggst Austurbrú ses. ná með því að skapa þverfaglegan samstarfsvettvang og vinna að:

- Nýsköpun, þróun og eflingu atvinnulífs og samfélags.
- Öflugri símenntun, starfsþróun og starfsfræðslu.
- Skilvirkri upplýsingastarfsemi og heildstæðri markaðssetningu.
- Fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms og rannsókna.
- Fjölbættri starfsemi á sviði menningar, lista og skapandi greina.

4. gr. Form og aðild

Austurbrú ses. er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands (ÞNA), Þróunarfélags Austurlands (ÞFA), Markaðsstofu Austurlands (MA) og Menningarráðs Austurlands. Við stofnun tekur Austurbrú ses. yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga sem og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Jafnframt tekur stofnunin að sér önnur þau verkefni sem samræmast tilgangi hennar og stefnu og stjórn stofnunarinnar kann að ákveða.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru:

[listi yfir stofnaðila]

Stofnframlag sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 1.600.000 og greiðir hver stofnaðili kr. 50.000.

Tillaga um breytingar

2. gr. Tilgangur

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. ~~Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar og menningarstarfs á Austurlandi.~~

3. gr. Markmið

Markmið Austurbrúar ses. er að efla atvinnulíf á Austurlandi, hækka menntunarstig, stuðla að velferð íbúa og styrkja landshlutann sem búsetukost og áfangastað ferðamanna.

Markmiði sínu hyggst Austurbrú ses. ná með því að skapa þverfaglegan samstarfsvettvang og vinna að:

- Nýsköpun, þróun og eflingu atvinnulífs og samfélags.
- Öflugri símenntun, starfsþróun og starfsfræðslu.
- Skilvirkri upplýsingastarfsemi og heildstæðri markaðssetningu.
- Fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms og rannsókna.
- Fjölbættri starfsemi á sviði menningar, lista og skapandi greina.

4. gr. Form og aðild

Austurbrú ses. er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands (ÞNA), Þróunarfélags Austurlands (ÞFA), Markaðsstofu Austurlands (MA) og Menningarráðs Austurlands. Við stofnun tekur Austurbrú ses. yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga sem og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) **samkvæmt sérstökum þjónustusamningi**. Jafnframt tekur stofnunin að sér önnur þau verkefni sem samræmast tilgangi hennar og stefnu og stjórn stofnunarinnar kann að ákveða.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru:

[listi yfir stofnaðila]

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

5. gr. Aðild

Aðild að Austurbrú ses. er með tvennum hætti:

1) Stofnaðilar geta orðið samtök hagsmunaaðila og mennta-, rannsókn- og fagstofnanir sem tengjast starfssviðum stofnunarinnar. Ný aðild er háð samþykki 2/3 hluta þeirra stofnaðila sem eru fyrir á stofnaðilaskrá og skal nýr aðili greiða stofnframlag sbr. 4. gr. og hafa eftir það sama rétt og stofnaðilar.

2) Hagsmunaaðilar geta orðið þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Austurlandi og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við stofnunina, gegn föstu árgjaldi er stjórn ákveður. Hagsmunaaðilar hafa málfrelsi og tillögurétt á ársfundum.

Halda skal sérstaka skrá yfir stofnaðila og hagsmunaaðila.

6. gr. Fulltrúaráð

Fulltrúaráð Austurbrúar ses. er skipað fulltrúum þeirra sem aðild eiga að stofnuninni og á hver stofnaðili einn fulltrúa sem fer með eitt atkvæði á fundum þess og ársfundum stofnunarinnar. Skráðir hagsmunaaðilar hafa rétt til að skipa 5 fulltrúa í fulltrúaráð með fullan atkvæðisrétt sbr. 12. grein.

Hlutverk fulltrúaráðs er að vera tengiliður milli aðila og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa eftirlit með hvernig stjórn og framkvæmdastjóri ráða málum hennar, þar með töldum fjármálum, og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur.

Stjórnarmenn og starfsmenn stofnunarinnar mega ekki skipa meirihluta fulltrúaráðs.

Fulltrúar í fulltrúaráði þurfa að skila inn skriflegu umboði á boðuðum fundum þess.

Stjórn getur kallað saman fulltrúaráðsfund þegar á þarf að halda og þarf þriðjung aðila að fulltrúaráði til að knýja á um að fulltrúaráðsfundur sé haldinn.

Formaður stjórnar Austurbrúar ses. boðar fundi fulltrúaráðs.

7. gr. Ársfundur

Ársfundur Austurbrúar ses. skal haldinn á tímabilinu mars til maí ár hvert og er opinn öllum. Ársfundinn

Stofnframlag sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 1.600.000 og greiðir hver stofnaðili kr. 50.000.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

7. gr. Ársfundur

Ársfundur Austurbrúar ses. skal haldinn á tímabilinu mars til maí ár hvert og er opinn öllum. Ársfundinn skal boða skriflega með tölvupósti eða bréfi til stofn-

skal boða skriflega með tölvupósti eða bréfi til stofn- og hagsmunaaðila með að lágmarki 14 daga fyrirvara og með auglýsingum í fjölmiðlum.

Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæðisrétt á ársfundi en aðrir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt að undanskildum tillögurétti til stjórnarkjörs. Á ársfundi gerir stjórn grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggur fram ársreikninga til samþykktar.

Endurskoðaðir reikningar Austurbrúar ses. skulu liggja frammi til kynningar minnst viku fyrir ársfund á skrifstofum Austurbrúar ses.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Afgreiðsla ársreikninga
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar:
 - A. Kjör stjórnar
 - B. Kjör fagráðs
 - C. Kjör endurskoðenda
 - D. Kjör starfsháttanefndar
 - E. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál.

Heimilt er að haga dagskrá ársfundar með öðrum hætti en að ofan greinir enda sé það tilgreint í auglýstri dagskrá. Skylt er þó að taka alla ofangreinda liði fyrir á ársfundi.

8. gr. Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Skulu þrír þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en fjórir skulu koma af þeim fagsviðum sem stofnunin starfar á. Varamenn skulu kosnir með sama hætti á ársfundi.

Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum skipa framkvæmdaráð sem getur tekið ákvarðanir í tilteknum málum sem þó þarf að staðfesta á næsta stjórnarfund.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar skrifar prókúru og getur veitt framkvæmdastjóra eða öðrum umboð sitt til prókúru. Stjórn áritar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.

og hagsmunaaðila með að lágmarki 14 daga fyrirvara og með auglýsingum í fjölmiðlum.

Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæðisrétt á ársfundi en aðrir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt að undanskildum tillögurétti til stjórnarkjörs. Á ársfundi gerir stjórn grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggur fram ársreikninga til samþykktar.

Endurskoðaðir reikningar Austurbrúar ses. skulu liggja frammi til kynningar minnst viku fyrir ársfund á skrifstofum Austurbrúar ses.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Afgreiðsla ársreikninga
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar:
 - A. Kjör stjórnar
 - ~~B. Kjör fagráðs~~
 - B. Kjör endurskoðenda
 - C. Kjör starfsháttanefndar
 - D. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál.

Heimilt er að haga dagskrá ársfundar með öðrum hætti en að ofan greinir enda sé það tilgreint í auglýstri dagskrá. Skylt er þó að taka alla ofangreinda liði fyrir á ársfundi.

8. gr. Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Skulu tveir þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en þrír af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar. Stjórn skiptir með sér verkum.

~~Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum skipa framkvæmdaráð sem getur tekið ákvarðanir í tilteknum málum sem þó þarf að staðfesta á næsta stjórnarfund.~~

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar skrifar prókúru og getur veitt framkvæmdastjóra eða öðrum umboð sitt til prókúru. Stjórn áritar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal stjórnarfundum a.m.k. fjórum sinnum á ári.

9. gr. Starfsháttanefnd

Starfsháttanefnd Austurbrúar ses. skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi. Hlutverk starfsháttanefndar er að vera umsagnaraðili um innri reglur Austurbrúar ses. og vinna tillögur til ársfundar um kjör í stjórn og fagråd stofnunarinnar ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar. Ársfundur getur falið starfsháttanefnd önnur verkefni.

Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn, fagráði né siðanefnd Austurbrúar ses.

Starfsháttanefnd velur sér formann sem boðar til funda sem halda skal minnst tvisvar á ári. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

10. gr. Stjórnarkjör

Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. Skal hún leita eftir tilnefningum til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa og þriggja til vara, og til fagráðs varðandi tilnefningu fjögurra fulltrúa og fjögurra til vara.

Starfsháttanefnd skal kynna tillögu sína fyrir fulltrúaráði hálfum mánuði fyrir boðaðan ársfund. Stjórn skal kosin þannig að þrjú stjórnarmenn eru kjörnir ár sem enda á sléttri tölu og fjórir stjórnarmenn ár sem enda á oddatölu og skal starfsháttanefnd haga tillögum sínum í samræmi við það.

Listi starfsháttanefndar skal borinn upp í heilu lagi. Vilji stofnaðilar gera tillögur um aðra fulltrúa skal tillögu um breyttan lista skilað inn minnst 7 dögum fyrir ársfund.

Samþykki allra sem stungið er upp á skal liggja fyrir.

11. gr. Fagråd

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal stjórnarfundum a.m.k. fjórum sinnum á ári.

9. gr. Starfsháttanefnd

Starfsháttanefnd Austurbrúar ses. skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi. **Hlutverk starfsháttanefndar er að vera umsagnaraðili um innri reglur Austurbrúar ses. og vinna tillögur til ársfundar um kjör í stjórn stofnunarinnar, starfsháttanefnd og siðanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar.** Ársfundur getur falið starfsháttanefnd önnur verkefni.

Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn eða siðanefnd Austurbrúar ses.

Starfsháttanefnd velur sér formann sem boðar til funda sem halda skal minnst tvisvar á ári. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

10. gr. Stjórnarkjör

Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. **Skal hún leita eftir tilnefningum til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi tilnefningu tveggja fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og eins til vara, og til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa og eins til vara.** Stjórn er kosin til eins árs í senn.

Starfsháttanefnd er heimilt að leita út fyrir hóp þeirra sem tilnefndir eru við uppstillingu til stjórnarkjörs. Nefndin skal kynna tillögu sína fyrir fulltrúaráði eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársfund samhliða fundarboðun. ~~Stjórn skal kosin þannig að þrjú stjórnarmenn eru kjörnir ár sem enda á sléttri tölu og fjórir stjórnarmenn ár sem enda á oddatölu og skal starfsháttanefnd haga tillögum sínum í samræmi við það.~~

Listi starfsháttanefndar skal borinn upp í heilu lagi. Vilji stofnaðilar gera tillögur um aðra fulltrúa skal tillögu um breyttan lista skilað inn minnst 7 dögum fyrir ársfund.

Samþykki allra sem stungið er upp á skal liggja fyrir.

Fagráð Austurbrúar ses. skal kosið á ársfundi og í því eiga sæti:

- Þrír fulltrúar nýsköpunar og þróunar
- Þrír fulltrúar háskólanáms og rannsóknar
- Þrír fulltrúar símenntunar
- Þrír fulltrúar markaðs- og ferðamála
- Þrír fulltrúar menningarmála

Starfsháttanefnd skal gera tillögu fyrir ársfund um 15 fulltrúa í fagráð og einn til vara fyrir hvern málaflokk. Leita skal meðal annars til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningar. Starfsmenn Austurbrúar ses. geta ekki setið í fagráði. Fagráð kýs sér formann og varaformann og formaður þess boðar til funda. Afl atkvæða ræður málum á fundum ráðsins.

Hlutverk fagráðs er að vera stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum Austurbrúar ses. til ráðgjafar við mótun verkefna og þróun á starfsemi stofnunarinnar.

Fagráði er heimilt að skipta sér í undirhópa sem starfa að málum á sértækum málefnasviðum.

Framkvæmdastjóri situr fundi fagráðs nema ráðið ákveði annað. Framkvæmdastjóri getur tilnefnt einstaka starfsmenn til að sitja fundi fagráðs í sinn stað.

Tillögur fagráðs skulu koma til umfjöllunar stjórnar Austurbrúar ses.

Fagráð skal funda að minnsta kosti tvisvar á ári og halda fundargerðir.

12. gr. Fundur hagsmunaaðila

Framkvæmdastjóri skal boða fund skráðra hagsmunaaðila einu sinni á ári hið minnsta. Fundinn skal boða í febrúar ár hvert.

Á dagskrá fundarins skal meðal annars vera:

- Fundargerðir stjórnar og fagráðs kynntar
- Bráðabirgðauppgjör Austurbrúar ses. kynnt
- Fjárhags- og starfsáætlun yfirstandandi starfsárs kynnt
- Verkefni síðasta árs kynnt
- Kjör fulltrúa í fulltrúaráð
- Önnur mál.

13. gr. Innri reglur

Starfsháttanefnd veitir umsögn um innri reglur Austurbrúar ses. Starfsháttanefnd skal tryggja að endurskoðun fari fram á ofangreindum reglum árlega og leggja fram til staðfestingar á ársfundi.

11. gr. Fagráð

Stjórn Austurbrúar ses. skipar í þriggja til sjö manna fagráð til eins árs í senn. Hlutverk fagráðs er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspegla verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Skal skipan í fagráð vera lokið eigi síðar en fjórum vikum eftir ársfund. Stjórn er heimilt að fjölga í fagráði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar ef þörf krefur. Stjórn Austurbrúar ses. skal kalla fagráð til fundar að lágmarki tvisvar á ári. Halda skal fundargerðir um fundi stjórnar og fagráðs.

12. gr. Fundur hagsmunaaðila

Framkvæmdastjóri skal boða fund skráðra hagsmunaaðila einu sinni á ári hið minnsta. Fundinn skal boða í febrúar ár hvert.

Á dagskrá fundarins skal meðal annars vera:

- ~~Fundargerðir stjórnar kynntar~~
- Kynning á bráðabirgðauppgjöri Austurbrúar ses. og verkefnum síðasta árs
- Fjárhags- og starfsáætlun yfirstandandi starfsárs
- ~~Verkefni síðasta árs kynnt~~
- Kjör fulltrúa í fulltrúaráð
- Tilnefning fulltrúa hagsmunaaðila til stjórnarkjörs
- ~~Önnur mál.~~

14. gr. Siðanefnd

Ársfundur skal kjósa þriggja manna siðanefnd sem skal fjalla um meint brot á siðareglum Austurbrúar ses. skv. nánari reglum um málsmeðferð er siðareglur kveða á um.

Siðanefnd Austurbrúar ses. úrskurðar, skv. siðareglum, um það hvort meint brot eða athæfi starfsmanns eða stjórnarmanns stofnunarinnar teljist brot og þá hversu alvarlegt, skv. nánari ákvæðum er siðareglur segja til um. Um frekari viðbrögð vegna brota á siðareglum Austurbrúar ses. skal fjallað í siðareglunum sjálfum svo og starfsreglum stjórnar. Fulltrúar í siðanefnd skulu ekki gegna öðrum störfum fyrir Austurbrú ses.

15. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórn Austurbrúar ses. ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, skipulagsskrá þessari og fyrirmælum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reikningshaldi Austurbrúar ses. í umboði stjórnar og stofnaðila og annast ráðningu starfsfólks.

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnar- og ársfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Fyrir utan störf þau sem talin eru hér að ofan er framkvæmdastjóri sérstakur starfsmaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og annast sjálfur, eða deilir til undirmanna, daglegri umsýslu SSA.

16. gr. Fjármál

Stofnfé Austurbrúar ses. er kr. 1.600.000. Tekjur stofnunarinnar eru sammingsbundin framlög aðila, tekjur samkvæmt þjónustusamningum við sveitarfélög og fyrirtæki, opinber framlög, gjafir, styrkir og annað sjálfsaflafé.

Austurbrú ses. hefur sjálfstæðan fjárhag og ber því eitt ábyrgð á skuldbindingum sínum. Starfsár og reikningsár Austurbrúar ses. er almanaksárið.

Stjórn skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur, eða endurskoðendafélög, sem

15. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórn Austurbrúar ses. ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, skipulagsskrá þessari og fyrirmælum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reikningshaldi Austurbrúar ses. í umboði stjórnar og stofnaðila og annast ráðningu starfsfólks.

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnar- og ársfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

~~Fyrir utan störf þau sem talin eru hér að ofan er framkvæmdastjóri sérstakur starfsmaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og annast sjálfur, eða deilir til undirmanna, daglegri umsýslu SSA.~~

tillögu fyrir ársfund Austurbrúar ses., til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna.

Ef hagnaður verður af rekstri stofnunarinnar skal færa hann yfir á næsta reikningsár. Ef tap verður af rekstri stofnunarinnar skal það greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsár. Stjórn er heimilt að ráðstafa hagnaði af starfsemi Austurbrúar ses. til stofnunar sérstakra sjóða með ákveðin verkefni í samræmi við 2. og 3. grein skipulagsskrár þessarar. Kynna skal sjóðsstofnun fyrir stofnaðilum og staðfesta á næsta ársfundi.

17. gr. Jafnrétti

Með vísan til 15. greinar laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, skal þess gætt að hlutfall kynjanna í stjórn og fagráði Austurbrúar ses. sé sem jafnast og ekki minna en 40% fulltrúa séu af hvoru kyni fyrir sig.

18. gr. Breytingar á skipulagsskrá – slit og sameining

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á ársfundi Austurbrúar ses. með samþykki 2/3 hluta stofnaðila, sbr. og 36. gr. laga nr. 33/1999.

Austurbrú ses. verður aðeins slitið eða sameinuð annarri stofnun með ákvörðun skv. 36. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Verði starfsemi Austurbrúar ses. hætt og félagið lagt niður skal eigum þess varið til eflingar atvinnulífs, rannsókna, menntunar og menningar á Austurlandi.

19. gr. Úrsögn

Um úrsögn aðila Austurbrúar ses. úr stofnuninni fer skv. lögum um sjálfseignarstofnanir nr. 33/1999.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á stofnfundi Austurbrúar ses., 8. maí 2012

Ákvæði til bráðabirgða

Skipan stjórnar til ársfundar 2016

Fram að ársfundi Austurbrúar ses. 2016 skal stjórn stofnunarinnar skipuð sjö aðalmönnum og tveimur til vara. Þrír stjórnarmenn og einn til vara skulu koma af vettvangi sveitarstjórnarmála. Fjórir og einn til vara skulu koma af vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar.

Á ársfundi 2016 skal í fyrsta sinn kosið í fimm manna stjórn svo sem skipulagsskráin kveður á um og fellur þá þetta ákvæði út án sérstakra samþykta.

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust.

Ólafur Áki Ragnarsson þakkaði starfsháttarnefnd góð störf í þágu Austurbrúar sem hann taldi merka stofnun að mörgu leyti og nýsköpun. Hann taldi að ef til vill hefði ekki verið nægilega rætt um hvað

það væri sem farið hefði úrskaiðis, þó miklar væntingar hefðu verið til stofnunarinnar hefði hún átt að standa undir því. Rætt hefði verið um að stofnanir hefðu verið veikar fyrir, sér í lagi Þróunarfélagið en ÓÁR benti á að það félag hefði átt eign að Miðvangi sem nýst hefði Austurbrú vel. Þó það væri í lagi að gera mistök, væri það dýrt og verið væri að véla með opinbert fé. Hann vék sérstaklega að SSA og taldi að þrátt fyrir breytingartillögur starfsháttarnefndar myndi verða áfram erfitt að reka Austurbrú og SSA í einhvers konar samkrulli. Hann taldi að SSA yrði með þeim hætti gagnslaust, skilja ætti þessar stofnanir að. ÓÁR sagðist ekki muna sjálfur leggja til slíka tillögu en það yrði að vera alveg skýrt hver ræki SSA. Honum hugnast ekki það fyrirkomulag sem hér er lagt upp með, nánast með þrjá framkvæmdastjóra, megin breytingin væri að sviðaskiptingin væri afnumin en það væri akkúrat hún sem haldið stofnuninni saman síðustu tvö ár.

Páll Björgvin Guðmundsson vonaðist eftir því að fundurinn næði að ljúka þessum breytingum farsællaga. Hann vék sérstaklega að 3. grein og taldi brýnt að nú yrði atvinnulífínu, fyrirtækjum á svæðinu seld hugmyndin um Austurbrú og þjónustu hennar. Sveitarfélögin hefðu dregið vagninn t.a.m. hvað varðar að fá olíuleitarmiðstöð á sitt svæði. Sveitarfélögin ættu einnig að nýta Austurbrú til að vinna að sameiginlegum verkefnum, PBG tók dæmi um Egilsstaðaflugvöll. Hann þakkaði starfsháttarnefnd góð störf sem og starfsfólki Austurbrúar, nú yrði bara að klára málið.

Stefán Bogi Sveinsson minnti á setu sína í verkefnisstjórn um stofnun Austurbrúar og í stjórn Austurbrúar. Hann vildi bregðast við orðum ÓÁR um stöðu stoðstofnanna sem runnu saman sem allar komu inn með styrkleika og veikleika. SBS taldi umræðuna einkum sprotna af þeirri staðreynd að menn vildu minna á að fjárhagslegur veruleiki stoðstofnana hefðu ekki verið neitt himnaríki áður en til sameiningar kom. Þá vék hann að sviðaskiptingunni sem hann sagði að hefði vissulega kosti en greiningarvinna starfsháttarnefnd hefði hins vegar leitt í ljós að hún hefði frekar staðið góðum störfum fyrir þrifum. Hann taldi streituna þó ekki hafa verið innan dyra heldur frekar í baklandi gömlu stoðstofnanna. Það væri einföldun að segja að breytingarnar snerust einvörðungu um að losna við sviðin, verkefnadrifin stofnun hefði mun víðtækari afleiðingar en það. SBS þakkaði einnig starfsháttarnefndinni vel unnin störf.

Arnbjörg Sveinsdóttir þakkaði starfsháttarnefnd gott starf. Vinnan í kringum Austurbrú hefði verið mikið lærdómsferli. Hún tók undir með ÓÁR að SSA gæti orðið sérkennilegt í þessu samhengi en taldi engu að síður rétt að prófa þetta. Það mætti þá endurskoða fyrirkomulagið ef það gengi alls ekki. AS vék að dreifsetningu þjónustunnar og þeirri hugmyndafræði að Austurbrú ætti að vera „One stop shop“. Ekki hefur gengið nógu vel að ná upp þessum markmiðum en hún taldi brýnt að ný stjórn hefði það að leiðarljósi. Að síðustu þakkaði Arnbjörg hinu frábæra starfsfólki Austurbrúar fyrir þolinmæðina og vonaðist eftir því að að það myndi áfram starfa sem flest hjá stofnuninni.

Ekki voru fleiri á mælendaskrá og því var gengið til atkvæða um breytingartillögur á skipulagsskrá. Fundarstjóri upplýsti að til að breytingartillögur teldust samþykktar þyrftu 22 af atkvæðisbærum fundarmönnum að greiða atkvæði með tillögnum.

2. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
4. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
7. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
8. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
9. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
10. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- 11. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 12. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 15. gr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Ákvæði til bráðabirgða. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Skipulagsskrá í heild sinni. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)

Skúli Björn Gunnarsson greindi frá vinnu við innri reglur. Sú vinna er ekki þess eðlis að fundurinn þurfi að taka afstöðu til hennar.

6. Kosningar:

Gengið er til kosninga í samræmi við ákvæði skipulagsskrárinnar eins og henni hefur nú verið breytt.



Tillaga starfsháttanefndar Austurbrúar ses.
til framhaldsársfundar Austurbrúar ses. 30. september 2014
um kjör til stjórnar, starfsháttanefndar og siðanefndar.

Stjórn:

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Jón Björn Hákonarson
Kari Lauritzen
Þórunn Egilsdóttir
varamaður: Páll Baldursson

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:

Berghild Háler
Sigrún Birna Björnsdóttir
Sveinn Jónsson
Sæunn Stefánsdóttir
varamaður: Adolf Guðmundsson

Starfsháttanefnd:

Björn Hafþór Guðmundsson
Guðrún Á. Jónsdóttir
Skúli Björn Gunnarsson

Siðanefnd:

Eva Dís Pálmadóttir
Gunnlaugur Sverrisson
Vilhjálmur Jónsson

A. Kjör stjórnar

Einn listi sem liggur frammi, tillaga starfsháttarnefndar. Fundarstjóri fór yfir hana. Fundurinn klappaði fyrir þessu góða fólki.

B. Kjör endurskoðenda

Tillaga um að það yrði óbreytt. Magnús Jónsson hjá KPMG. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

C. Kjör starfsháttanefndar

Liggur frammi tillaga um að starfsháttarnefnd skipi Björn Hafþór Guðmundsson, Guðrún Á. Jónsdóttir og Skúli Björnsson. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

D. Kjör siðanefndar

Eva Dís Vilhjálmisdóttir, Gunnlaugur Sverrisson og Vilhjálmur Jónsson. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Tillaga um að það verði óbreytt (15 þúsund kr. til stjórnarmanna, 30 þúsund kr. til formanns). Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál.

VH þakkaði fyrir góðan fund sem og fyrir samstarfið við starfsháttarnefnd, stjórn og starfsfólk. Tekur að mestu undir þær breytingartillögur sem hér hafa verið samþykktar og hyggst, þrátt fyrir að láta nú af störfum sem formaður stjórnar Austurbrúar, eftir sem áður styðja við bak stofnunarinnar og fylgjast með. Hann sagðist ekki sammála ÓÁR um að rétt sé að aðskilja SSA og Austurbrú.

Sveinn Jónsson vildi sem aldursforseti nýrrar stjórnar þakka það traust sem fundurinn hefði sýnt nýrri stjórn með því að kjósa hana einum rómi. Hann þakkaði einnig starfsháttarnefnd fyrir góða vinnu og sagði sjaldgæft að slíkur einhugur væri um tillögur. Sem aldursforseti vildi hann boða til fyrsta fundar stjórnar strax að afloknum framhaldsársfundi.

Björn Hafþór Guðmundsson sagðist beinlínis meyr eftir viðbrögð fundarins og þakkaði fyrir hönd starfsháttarnefndar. Þá vék hann að því gæfuspori sem það hefði verið að hafa fengið Skúla Björn og Jónu Árnýju inn í starfsháttarnefndina á sínum tíma og lýsti ánægju með störf þeirra sem formaður starfsháttarnefndarinnar (SB) og starfandi framkvæmdastjóri Austurbrúar (JÁ). BHG þakkaði fráfarandi stjórn vel unnin störf þrátt fyrir mótbyr, hún hefði lyft grettistaki við að koma Austurbrú á laggirnar. Hann bað viðstadda að klappa fyrir fráfarandi stjórn.

Sigrún Blöndal óskaði nýkjörinni stjórn Austurbrúar til hamingju fyrir hönd stjórnar SSA. Hún sagði þau vonast eftir góðu samstarfi og saman gengu þessar stofnanir fram á við. SB fagnaði því að starfsháttarnefndin héldi áfram störfum.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá. Fundarstjóri óskaði eftir að fundurinn veitti fundarstjóra og fundarritara leyfi til að ganga frá fundargerð og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundi var slitið kl. 16.55.